

## Læsisstefna Sandgerðisskóla

Læsi er undirstaða alls náms og felur meðal annars í sér lestur, skilning, ritun, hlustun og tjáningu. Það er mikilvægt að allir nái góðum tókum á þessum þáttum og lögð er áhersla á að nemendur geti lesið sér til gagns og gamans við lok grunnskólanáms. Stefnan gengur út frá því að efla færni nemenda og þekkingu starfsmanna á læsi. Leitast er eftir því að samræma vinnubrögð og áherslur auk þess að virkja heimilin til þátttöku í lestrarnámi nemenda.

Í stefnunni eru sett fram markmið sem eru í samræmi við markmið *Lesferils* sem er matstæki sem er unnið af Menntamálastofnun. Allir starfsmenn skólans hjálpast að við að vinna að markmiðum stefnunnar og skapa hvetjandi lestrarumhverfi fyrir nemendur. Starfsmenn eru hvattir til að deila þeirri þekkingu og reynslu sem þeir búa yfir og vera hver öðrum innan handar með ráð og hvatningu. Í læsisstefnunni eru sett markmið fyrir hvern árgang fyrir sig auk þess sem að skólinn vinnur að sameiginlegum markmiðum.

Lesfimiþróf eru lögð fyrir alla nemendur skólans þrisvar sinnum á ári, í september, janúar og maí. Niðurstöður úr þeim eru nýttar til að sjá hvaða nemendur þurfa sértæka þjálfun og hvort að nemendur eru að taka framförum. Töflurnar sýna lesfimiviðmið hvers áragangs í maí eða við lok hvers bekkjar. 90% = lágmarksviðmið – 50% = almenn viðmið – 25% = framúrskarandi

## Lesfímiviðmið Menntamálastofnunnar

Bekkur:	90%	50%	25%
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

### Markmið og leiðir:

#### **1.-3. bekkur**

Unnið er eftir aðferðum Byrjendalæsis þar sem unnið er með læsi á heildstæðan hátt. Unnið er með lestur, hljóðkerfisvitund, hlustun, ritun, orðaforða og setningarbyggingu. Áhersla er lögð á daglega lestrarþjálfun, bæði í skóla og heima fyrir til að þjálfa upp lestrarhraða, lestrarlag og lesskilning. Lögð er áhersla að byggja upp sjónrænan orðaforða nemenda með ýmsum leiðum, dæmi um leiðir: orðarýni, orðalistar, leifturspjöld, spil og leikir. Leitast er eftir að styrkja áhugahvöt nemenda á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni og hafa jákvætt viðhorf til lestrar að leiðarljósi. Gert er ráð fyrir að nemendur fái verkefni við hæfi og gripið verði inn í með einstaklingsmiðaðri kennslu ef þess er þörf.

#### **4.-6. bekkur**

Lögð er áhersla á áframhaldandi þjálfun í lestri. Lestur er samþættur við allar námsgreinar og nemendur kynnast enn fleiri leiðum í að lesa sér til skilnings. Áhersla er lögð á aukna lesfimi og gott lestrarlag. Haldið er áfram að byggja upp sjónrænan orðaforða og gert er ráð fyrir að vinna að fjölbreyttum og skapandi læsistengdum verkefnum. Áfram er áhersla á að æfa og greina raddlestur nemenda og grípa inní með einstaklingsmiðaðri kennslu. Meiri áhersla er lögð á hljóðlestur í ólíkum tilgangi og æfð er framsögn, tjáning, virk hlustun og samræður. Leitast er eftir að styrkja áhugahvöt nemenda á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni. Stuðlað er að jákvæðu viðhorfi til lestrar.

#### **7.-10. bekkur**

Áfram er unnið með þá þætti sem stuðla að góðum lesskilningi, lesfimi og bættu lestrarlagi. Undirþættirnir eru eftirfarandi:

- Ritun – skoðun á ritmáli, þjálfun í réttritun, textagerð og tjáningu.
- Lestur – upplestur, punktalestur, djúplestur, þáttökulestur, leiðbeinandi lestur og sjálfstæðan lestur og tækni við að auka hraða í hljóðlestri.
- Skilningur – merking texta og orða, lesskilningur, orðaforði

Áhersla er lögð á að efla þekkingu á rithætti orða, til dæmis út frá skyldleika og notkun stafsetningarreglna. Markmið læisnámsins er meðal annars að gera nemendur hæfari til að tjá sig í ræðu og riti. Unnin eru fjölbreytt verkefni sem reyna á læsi í víðtækum skilningi þar sem gerð er krafa um að nemendur sýni sjálfstæð vinnubrögð, beiti gagnrýnni hugsun og öðlist jákvætt viðhorf til lestrar. Leitast er eftir að styrkja áhugahvöt nemenda á margvíslegan hátt, svo sem með því að vera þeim góðar lestrarfyrirmyndir og tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni.

## Kennsluaðferðir

Unnið er eftir aðferðum Byrjendalæsis í 1. – 3. bekk sem leggur áherslu á að vinna með alla þætti tungumálsins eða tal, hlustun, lestur og ritun. Notast er við hina ýmsu gæðatexta svo sem barnabækur, fræðibækur, ljóð og lengi má áfram telja. Samhliða Byrjendalæsi er notast við hljóðaaðferð sem byggir á því að nemendur þjálfist í að umskrá bókstafi yfir í hljóð og tengja hljóð stafanna saman í orð. Á miðstig og unglingastigi er unnið með hin ýmsu þemu ásamt kjörbókum þar sem leitast er við að bjóða upp á fjölbreytta vinnu.

Ef nemendur sýna frávík á þeim markmiðum sem lagt er upp með fá þeir aukna lestrarþjálfun í skóla, ýmist stutt lestrarnámskeið eða aukna þjálfun hjá umsjónarkenna og gert er ráð fyrir að þeir sinni þjálfun einnig heima fyrir.

## Lestrarmenning

Í Sandgerðisskóla er lögð áhersla á jákvætt lestrarumhverfi þar sem nemendur eru hvattir til lestrar og að rýna í og vinna með texta á fjölbreyttan hátt. Bækur, tímarit, textar og annað lesefni á að vera aðgengilegt öllum stundum og nemendur eiga að hafa aðgang að lesefni sem vekur áhuga þeirra. Gert er ráð fyrir daglegum yndislestri þar sem nemendur og starfsfólk lesa efni að þeirra áhugasviði og starfsfólk eru þar lestrarfyrirmyndir. Nestislestur er hluti af daglegu skipulagi í 1. – 6. bekk þar sem kennarar lesa fyrir nemendur yfir nesti.

Læsi er alla jafna gert hátt undir höfði í Sandgerðisskóla en tvisvar sinnum yfir skólaárið, að hausti og að vori, er það allt um yfir. Á haustönn er gert ráð fyrir auknum yndislestri þar sem leitast er eftir að lesa sem mest yfir tveggja vikna tímabil. Á vorönn er gert ráð fyrir að allir bekkir vinni á sama tíma að læsisverkefni sem felur í sér fjölbreytta vinnu og uppgjör vinnunnar er svokölluð Bókamessa þar sem nemendur kynna verk sín með ýmsum hætti.

## Samstarf heimilis og skóla

Í Aðalnámskrá er tekið fram að starfsfólk, nemendur og foreldrar myndi skólasamfélag í hverjum skóla og að mikilvægt sé að þessir hópar vinni saman að mótun þess samfélags. Þar er litið á menntun nemenda sem sameiginlegt og samábyrgt verkefni heimila og skóla. Samstarf heimila og skóla er mikilvægur þáttur í læsinámi barna og unglinga.

Helstu hlutverk heimila í læsinámi barna og unglinga er að bjóða upp á lestrarhvetjandi umhverfi þar sem þjálfun barnanna í að efla læsi í sinni víðustu mynd fer fram og tryggja það að börnin hafi gott aðgengi að lesefni.

Samstarf milli heimila og skóla þarf að vera gott og stuðningur og hvatning við læsinámið frá bæði heimili og skóla stuðlar að því að læsinámi barna verði árangursríkt og gefandi.

Hlutverk skóla er fyrst og fremst að tryggja kennslu við hæfi með fjölbreyttum kennsluaðferðum og tryggja aðgengi að fjölbreyttu og áhugaverðu les- og námsefni.

## Heimanám

Í öllum bekkjum er gert ráð fyrir daglegum heimalestri eða fimm sinnum í viku. Nemendur eiga að auki að sinna vikulega verkefni tengdu því sem lesið er.

